

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 1295 — 693. mál.
Síðari umræða.

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta).

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gaut Sturluson frá utanríkisráðuneyti og Elísabetu Júlíusdóttur frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingasjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða.

Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 7. gr reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 2021.

Sigríður Á. Andersen,
form., frsm.

Ari Trausti Guðmundsson.

Bryndís Haraldsdóttir.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Logi Einarsson.

Njáll Trausti Friðbertsson.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.